

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, lega þjóðvegur nr. 85 frá Bangastöðum að Víkingavatni.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í að legu þjóðvegur nr. 85 á milli Bangastaða og Víkingavatns verði breytt í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum dags. 22. desember 2000 og úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 27. júní 2001.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundalóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundalóða í Grímsnesi skv. eftirfarandi:

- a) Deiliskipulag frístundabyggðar undir 56 hús í landi Ásgarðs (Búgarður ehf.).
  - b) Deiliskipulag í landi Búrfells II, götuheiti: Grensás og Þrengslaás.
  - c) Deiliskipulag í landi Reykjaness.
  - d) Deiliskipulag fyrir byggðahverfið að Sólheimum.
- Ofangreint öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 16. október 2001.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.